

Skýrsla félagsmálafulltrúa veturinn 2008-2009

Hlutverk félagsmálafulltrúa Fjölbrautaskóla Suðurlands er að vera tengiliður á milli stjórnenda skólans og nemendaráðs ásamt því að styðja við heilbriggt og skapandi félagslíf nemenda í skólanum.

Félagsmálafulltrúi mætir vikulega á fundi skólaráðs með stjórnendum skólans, stjórn nemendaráðs og tveimur fulltrúum kennara. Þar situr hann í stóli áheyrnarfulltrúa, hefur ekki atkvæðisrétt þegar taka þarf ákvörðun um einstök mál en fullt skoðanafrelsi og tekur jafnan til máls þegar félagsmál nemenda ber á góma. Lýsir hann yfir sérstakri ánægju með þetta fyrirkomulag en leggur jafnframt til þá breytingu á skipan skólaráðs að þar sitji einnig forvarnarfulltrúi skólans ásamt einum fulltrúa kennara. Þetta fyrirkomulag myndi bæta boðleiðir milli stjórnenda skólans, stjórnenda nemendaráðs og þeirra kennara sem eru í ábyrgðarfullu og virku samneyti við félagslíf nemenda.

Af einstökum atburðum í félagslífi nemenda ber að nefna busavígslu sem fór fram í húsnæði skólans og á svæði vestan og sunnan við Sunnulækjarskóla. Tókst hún með ágætum. Dansleikjahald fór fram með hefðbundnu sniði og stórslysalaust utan skólahúsnæðisins, flest böllin voru haldin á Selfossi, á 800 bar og í Hvíta húsinu en einnig í Þingborg og á Njálshúsi í Rangárvallasýslu. Undirbúningur dansleikja í FSu er til fyrirmyndar þar sem alltaf eru haldnir fundir á miðvikudagskvöldi fyrir hvert ball með stjórnendum skólans og stjórn nemendaráðs, staðarhöldurum, gæslumönnum og lögreglu. Nú er sú regla orðin föst í sessi að engin böll eru haldin án gestalista og dansleik er lokið klukkan 02 eftir miðnætti. Forvarnarfulltrúi skólans vaktar flest böll nemenda ásamt öðrum kennara og tekur þá nemendur sem sýna óæskilega hegðun í viðtal.

Reglulegar kvöldvökur nemenda heppnuðust ágætlega en mæting hefði almennt mátt vera betri. Hér reynir mjög á frumleika og nýbreytni í starfi skemmtinefndar, að virkja skapandi krafta í hópi nemenda. Er það skoðun félagsmálafulltrúa að mun meiri fjölbreytni og sköpun búi í nemendahópi FSu en sýnir sig á þessum kvöldvökum. Á liðnum tveimur skólaárum hafa tvær leiksýningar á vegum Þjóðleikhússins verið settar á svið í hátíðarsal FSu, *Gaulverjabæ*, *Norway today* og *Sá ljóti*. Lýsir félagsmálafulltrúi yfir sérstakri ánægju með þetta framtak skólayfirvalda og vonast eftir áframhaldandi og reglulegum leiksýningum fyrir nemendur skólans.

Söngkeppni skólans fór fram í liðu með miklum ágætum og kór skólans undir stjórn Stefáns Þorleifssonar hélt tvenna stórtónleika á skólaárinu, auk annars starfs. Nauðsynlegt er að taka fram að fulltrúi nemenda FSu í söngkeppni framhaldsskólanna náði þriðja sæti í lokakeppninni sem fram fór á Akureyri. Mikilvægt er að halda þessu starfi áfram og hvetja til enn betri árangurs á sviði sönglistarinnar. Er allt slíkt skólanum til mikils sóma.

Þátttaka í Morfís, mælsku og rökræðukeppni framhaldsskólanna liggur enn niðri í FSu þrátt fyrir eftirfylgni félagsmálafulltrúa. Það er vonandi að nýkjörin stjórn nemendafélagsins ætli sér stærri hlut í þeim efnum. Þátttaka í spurningakeppni framhaldsskólanna *Gettu betur* gekk ekki sem skyldi að þessu sinni en betur má ef duga skal og er það sannfæring fulltrúans að efniviður fróðleiksfúsra nemenda í FSu sé nægur. Leggur hann til að umbun í námseiningum til nemenda fyrir þátttöku í *Gettu betur* og Morfís verði aukin til muna. Leiksýning nemendafélagsins tókst með miklum ágætum þetta skólaárið. Viðfangsefnið var leikrit Shakespeare um Rómeó og Júlíu í leikstjórn Ólafs Jens

Sigurðssonar. Sýnt var í Gryfjunni í miðrymi skólans, svokölluðum Loftsolum. Eitt tölublað Nota Bene, skólablaðs nemenda, sá dagsins ljós í maímánuði 2009, afar vandað, myndríkt og að flestu leyti fjölbreytilegt og frumlegt blað.

Félagsmálafulltrúi tók þátt í reglulegri teymisvinnu á skólaárinu ásamt forvarnarfulltrúa FSu, Írisi Þórðardóttur og námsráðgjafa Agnesi Ósk Snorradóttur þar sem lögð voru drög að markvissri stefnu og viðbragsáætlun gegn einelti í skólanum. Tókst sú vinna vel og náði teymið að ljúka störfum á vorönn 2009. Gert er ráð fyrir að fyrirbyggjandi viðbragðsáætlun gegn einelti verði virk á komandi skólaári.

6. júní 2009,
Gimli, Langanesi,
Jón Özur Snorrason,
félagsmálafulltrúi FSu.